

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs var haldinn þriðjudaginn 23. apríl 2024 á Hótel Reykjavík Grand, Sigtúni 28, 105 Reykjavík. Fundurinn hófst klukkan 17:00

Pálmar Óli Magnússon stjórnarformaður Birtu setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Pálmar gerði að tillögu sinni að Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins, stjórnari fundinum og var sú tillaga samþykkt. Ragnar gerði að tillögu að Sigurbjörn Einarsson lánastjóri Birtu yrði fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem skal vera í samræmi við gr. 6.1 í samþykktum Birtu. Í gr. 6.1 í samþykktum segir

*Stjórn skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórn sjóðsins boða til ársfundar með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði og útvarpi sem hafa dreifingu á landsvísu með a.m.k. sjö daga fyrirvara.*

Samkvæmt þeim gögnum sem fundarstjóri hefur undir höndum þá er ljóst að til ársfundarins hefur verið boðað með lögmatum hætti skv. 6. kafla samþykktanna.

1. Ársfundurinn hefur verið auglýstur á heimasíðu Birtu.
2. Fundurinn var boðaður með bréfi til aðildarfélaga og aðildarfyrirtækja 25. mars 2024.
3. Birt var fundarauglýsing í Morgunblaðinu 23. mars og í Viðskiptablaðinu 27. mars. Aftur birtist auglýsing í Morgunblaðinu.
4. Þá var fundurinn auglýstur í Ríkisútvarpinu 16. apríl 2024.
5. Minnt hefur verið á fundinn með tölvupóstsendingum og úthringingum eftir því sem við á.

Fundarstjóra hefur borist staðfesting á því að 62 fulltrúar eru mættir á fundinn.

Dagskrá fundarins er skv. gr. 6.5. í samþykktum sem hér segir:

- 6.5.1 Skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins á liðnu starfsári, sbr. 41. gr. laga nr.129/1997
- 6.5.2 Kynning og afgreiðsla ársreiknings
- 6.5.3 Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun, sbr. 24. gr. laga nr.129/1997
- 6.5.4 Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
- 6.5.5 Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins
- 6.5.6 Starfskjarastefna sjóðsins
- 6.5.7 Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins
- 6.5.8 Gerð grein fyrir stjórnarkjöri, samkvæmt grein 5.1
- 6.5.9 Kjör endurskoðanda
- 6.5.10 Skipan endurskoðunarnefndar
- 6.5.11 Kjör nefndar um laun stjórnarmanna, á ekki við að þessu sinni, nefndin skipuð til 3 ára í senn
- 6.5.12 Tillögur til breytinga á samþykktum, þegar slíkar tillögur liggja fyrir en engar tillögur liggja fyrir að þessu sinni
- 6.5.13 Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundum, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Engar slíkar tillögur liggja fyrir fundinum að þessu sinni.

Fundarstjóri vakti athygli á því að fundinum er streymt á vef Birtu lífeyrissjóðs og það þá sem taka þátt í fundarstörfum á þann hátt einnig velkomna.

Fundarstjóri leggur til að liðir 1, 2 og 3 verði teknir fyrir hver á eftir öðrum og orðið gefið laust eftir framsögu um alla dagskrárliðina þar sem skýrsla stjórnar og tryggingafræðileg athugun er hluti af ársreikningi sjóðsins. Engar athugasemdir komu fram um þessa tillögu og gefur fundarstjóri Pálmari Óla Magnússyni stjórnarformanni Birtu orðið.

## 1. liður dagskrár – Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar, Pálmar Óli Magnússon

Um rekstrarárið 2023 má í stuttu máli segja að allt er gott sem endar vel en fyrir um ári síðan voru væntingar stjórnar og sérfræðinga sjóðsins þær að raunávöxtun sjóðsins yrði neikvæð um rúmt 1%. Markaðir voru erfiðir framan að ári og verðbólga hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir og um tíma stefndi í að niðurstaða ársins yrði enn verri. Það er því mjög ánægjulegt að geta kynnt jákvæða raunávöxtun uppá 1,12% með jákvæðum horfum. Sambærilegar væntingar fyrir núverandi rekstrarár er að vænt raunávöxtun sjóðsins verði um 3,5%, þó að verðbólgan hjaðni hæggar en vonir stóðu til.

Rekstrarafkoma ársins voru 53 ma.kr. sem samsvarar 9% nafnávöxtun og raunávöxtun sjóðsins var eins og áður sagði 1,12% á árinu en raunávöxtun er lykilárangursmælikvarði hjá sjóðnum. Það er mjög ánægjulegt að geta jafnframt kynnt að 5 og 10 ára meðalraunávöxtun sjóðsins er vel yfir 3,5% viðmiðinu.

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs er mikilvægur mælikvarði á getu sjóðs til að greiða lífeyrisþegum lífeyri. Tryggingafræðileg staða Birtu er neikvæð um 6,63% og er það annað árið í röð þar sem staðan er undir 5% halla. Stjórn mun ekki leggja til breytingar á samþykktum til lækkunar á réttindum og minnir á að sjóðurinn hefur þrjú ár til að rétta stöðuna af. Ábyrgð stjórnar og umboðsskylda á hverjum tíma er að ástunda sjálfbærni í rekstri sjóðsins, hluti af því er að vera fær um að greiða lífeyri til framtíðar þannig að sjóðurinn beri sig sjálfur. Á síðasta ársfundi voru samþykktar breytingar á réttindaávinnslu til framtíðar en með tillögunni var brugðist við mati á auknum lífslíkum. Í breytingunum var ekki breytt áunnum réttindum vegna þeirra lagalegu óvissu sem lá fyrir í þeim leiðum sem til skoðunar voru. Síðan þá hefur héraðsdómur dæmt í máli sem tengist þessari óvissu og Hæstiréttur hefur samþykkt að taka málið fyrir og verður flýtimeðferð á því hjá dómnum. Þegar niðurstaða liggur fyrir þá verður búið að eyða þeirri lagalegu óvissu sem lá fyrir og þá mun sjóðurinn endurmeta stöðu sína aftur.

Ráðdeild í útgjöldum og rekstri sjóðsins skiptir sjóðsfélaga miklu máli. Stjórn og starfsfólk Birtu er meðvitað um að lítil þolinmæði er fyrir bruðli og mikilli yfirbyggingu þegar kemur að sameiginlegum eignum sjóðsins. Að mati stjórnar er rekstur Birtu skynsamlegur og aðhaldssemi einkennir öll útgjöld sem hafa skýran og rekstrarlegan tilgang. Unnið er eftir rekstraráætlun sem samþykkt er af stjórn og eru frávik metin ársfjórðungslega. Á síðasta ári nam skrifstofu- og rekstrarkostnaður Birtu 0,15% af meðalstöðu eigna sem er í samræmi við áætlanir sjóðsins og meðal því lágsta sem þekkist í rekstri lífeyrissjóða. Stöðugt er leitað leiða til að auka skilvirkni og viðhalda framleiðniaukningu á milli ára. Undanfarið ár hefur sjóðurinn tekið stór skref í rafrænum lausnum til að gera þjónustu sjóðsins aðgengilegri til sjóðfélaga. Rafrænar lausnir hafa aukið afköst, létt störf og hækkað þjónustustig sjóðsins. Frá árinu 2016 hefur sjóðurinn viðhaldið sama fjölda stöðugilda þrátt fyrir mikinn vöxt yfir sama tímabil og hefur tekist að auka framleiðni í þjónustu til muna milli ára.

Það er mat stjórnar að stjórnarstarfið hafi endurspeglað heilbrigða og góða stjórnarhætti og leggjum við það í dóm fundarins með framlagningu á ársskýrslu fyrir rekstrarárið 2023. Með því þá þakka ég stjórn og starfsfólki sjóðsins fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf og ykkur sjóðfélögum fyrir samfylgdina á árinu 2023.

## 2. liður dagskrár – Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Fundarstjóri þakkar Ólafi fyrir og nú mun Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri kynna ársreikning sjóðsins.

Ársreikningur Birtu 2023 er áritaður athugasemdalaust af endurskoðanda sjóðsins og er hann gerður samkvæmt reglum FME nr. 335/2015 og skv. lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd og stjórn sjóðsins hefur fjallað ítarlega um reikninginn og innri endurskoðandi hefur skilað skýrslu til stjórnar um úttekt vegna síðasta starfsárs og engar athugasemdir hafa komið upp við þær úttektir en ábendingar um bætt verklag og skýrari framsetningu hafa komið fram. Reikningsskil sjóðsins samanstanda af ársreikningi, ársskýrslu og upplýsingum á heimasíðu sjóðsins.

Árs- og sjálfbærnisráðgjafar er nú í fjórða sinn gerð í samræmi við alþjóðlegan staðal GRI um skýrslugjöf og ánægjulegt að sjá aðra sjóði fylgja okkar fordæmi í að bæta upplýsingagjöf og ekki birta bara hefðbundna ársskýrslu eins og áður var gert.

Viðskiptalíkan Birtu er ætlað að lýsa því hvernig sjóðurinn skapar verðmæti fyrir sjóðfélaga og skipuleggur starfsemina svo markmið sjóðsins náist. Lögbundin skylda er að taka við iðgjöldum, ávaxta þau, greiða sjóðfélögum lífeyri og veita eins góða þjónustu og við getum.

Árangursmat og árangursmælikvarðar eru settir til að fylgjast með hvernig gengur. Það þykir alveg við hæfi að viðurkenna þegar eitthvað er ekki í fullkomnu lagi og höfum við í nokkur ár birt árangursmat og þá árangursmælikvarða sem stjórn og starfsfólk hefur sett sér. Birtum árangursmatið með örlítið breyttu sniði en það eru sjö mælikvarðar sem fylgst er með og árangur mældur. Höfum ekki gert þjónustukannanir meðal sjóðfélaga yfir netið en það stendur til bóta. Ávöxtun eigna stenst samanburð og er í lagi. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er eins og formaður kom að áðan neikvæð annað árið í röð, lagaleg óvissa er í gangi og þegar niðurstaða verður komin í þau mál þá verður betur hægt að rýna stöðuna. Aðrir mælikvarðar eru á grænu eins og við metum þá.




Virkum sjóðfélögum er að fjölga um rúm 3% og nú greiða tæplega 21þús í sjóðinn, eignasafnið er að vaxta töluvert mikið og iðgjöld eru að vaxa um 14% milli ára. Atvinnustig hefur hækkað, laun hafa hækkað og virkum sjóðfélögum er að fjölga.

Sjóðurinn skilaði 9,22% nafnávöxtun á síðasta ári sem samsvarar 1,12% hreinni raunávöxtun. Þessi árangur er samkeppnisfær meðal annarra sjóða og með því besta á síðasta ári af þeim sjóðum sem hafa birt niðurstöður fyrir árið 2023.

Rekstrarkostnaður sjóðsins er áfram lágur, fjöldi lífeyrisþega vex og lífeyrisgreiðslur sömuleiðis. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 6,63% eins og hefur komið fram. Lífeyrisþegar eru nú rúmlega 17þús í árslok 2023 og fjölgaði þeim um 6,7% milli ára, það hófu 2.147 sjóðfélagar töku lífeyris á árinu samanborið við 1.596 árið 2022. Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu 19,2 milljörðum árið 2023 sem er 18,9% aukning milli ára. Lífeyrisgreiðslur fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs en vísitalan hækkaði um 8% á árinu 2023. Meðalaldur við upphaf töku eftirlaunalífeyris sl. 5 ár er 66 ár og

Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum var 84,8% á árinu 2023 en var 81,5% árið áður. Lífeyrisbyrðin er að aukast en stærri hópar eru að detta á lífeyri og þó að nýliðun sjóðfélaga sé góð þá heldur hún ekki í við fjölgun lífeyrisþega.

Í könnunum Landsamtaka lífeyrissjóða við spurningunni hvað er það sem rýrir hvað mest traust til lífeyrissjóðs þá er það alltaf kostnaður við rekstur sjóðanna sem rýrir traustið mest. Birta hefur sett sér það markmið að gera betur í rekstri en kostnaðarviðmið sem endurspeglar kostnaðarsamsetningu sjóðsins. Um 66% af rekstrarkostnaði Birtu er launakostnaður, ekki bara til starfsfólks heldur til endurskoðenda og annarra þeirra sem vinna fyrir sjóðinn, og 33% af rekstrarkostnaðinum má tengja við almennt verðlag. Kostnaðarviðmiðið samanstendur því af launavísitölu Hagstofu Íslands sem vigtar 66,6% og vísitölu neysluverð sem vigtar 33,4%. Rekstrarkostnaður Birtu nam 907m.kr. á síðasta ári og hefur hækkað um 31,5% frá 2016 þegar hann var 690m.kr. Á sama tíma hefur kostnaðarviðmið sjóðsins hækkað um 53,4% sem jafngildir um 3,1% árlegu rekstrarhagræði umfram viðmið á tímabilinu. Í samanburðinum við viðmiðið þá eru þetta 150m.kr. kostnaðarhagræði yfir tímabilið. Frá stofnun Birtu þá hefur starfsfólki fækkað og eru 28 starfsmenn hjá sjóðnum núna. Það eru skráð tæpleg 20þús erindi í kerfum sjóðsins á árinu 2023, heimsóknum fækkar en aðgengi og umsóknum á netinu og í gegnum heimasíðuna eykst og batnar. Með þessu þá höfum við bætt þjónustu og aukið afköst töluvert mikið milli ára.



Við viljum vera stafræn og snjöll Birta, viljum standa fyrir kostnaðararverkni og leita stöðugt leiða til að hagræða og draga úr kostnaði því að við trúum því að þannig getum við aukið traust til sjóðsins. Afköst eru að aukast milli ára, hagnýtum tæknina og aukum þannig afköst. Hjá Birtu hefur stöðugildum t.d. fækkað í iðgjaldaskráningu og innheimtu á sama tíma og iðgjaldagreiðendum fjölgar um 5% milli ára og sömu sögu má segja í öðrum deildum. Á sama tíma og framleiðni og afköst eru að aukast er mæld starfsánægja að aukast. Við höfum ekki aukið við starfsmannafjölda í 7 ár og held ég að það sé einsdæmi hjá þeim aðilum sem við berum okkur saman við og í mörgum öðrum greinum t.a.m hjá ríki og sveitarfélögum.

Skattspor Birtu á síðasta ári voru 4,6ma.kr. og eykst töluvert á milli ára en það var 3,8ma.kr. árið 2022. Samhliða auknum lífeyrisgreiðslum þá eykst skattsporið, lífeyrisþegar greiða tekjuskatt af lífeyrisgreiðslum við töku lífeyris.

Að lokum þá langar mig að fjalla örstutt um eitt flóknasta viðfangsefnið í upplýsingagjöf síðasta árs en það er að gera grein fyrir kolefnisspori Birtu. Þetta er mikið og flókið viðfangsefni og byggir Birta kolefnisútreikninga sína á alþjóðlegri aðferðarfræði sem nefnist „Greenhouse Gas Protocol“ GHG og styðst við staðalinn „Partnership for Carbon Accounting Financials“ PCAF til að ramma inn áætlaða losun gróðurhúsalofttegunda út frá eignasafninu. Frumniðurstaðan er að um 80% af innlendu eignasafni sjóðsins er að losa um 72 þúsund tonn af koltvíningsígildum. Á þessu ári munum við ná að greina þetta fyrir allt innlenda eignasafnið og þá mun liggja fyrir hvað fjármögnuð losun af innlendum fjárfestingum

Birtu er mikil. Losun vegna húsnæðislána Birtu er lítil í samanburði við aðra eignaflokka eða um 2 kg af koltvirlingsígildi fyrir hverja eina milljón sem lánuð er en til samanburðar er mæld losun vegna fjárfestinga í ríkisskuldabréfum um 3,74 tonn fyrir hverja milljón sem sjóðurinn fjárfestir. Þetta er nýtt viðfangsefni og ný upplýsingagjöf sem komin er til að vera en markmið stjórnvalda er að koma þessu niður í núll þannig að sjóðurinn mun þurfa að grípa til mótvægisáðgerða og við þurfum að skilja þetta betur.

Samskipti Birtu við haghafa gengu vel á árinu en áherslur Birtu gagnvart haghöfum er að framfylgja stefnu stjórnar með gildi Birtu að leiðarljósi. Fimm hópar eru skilgreindir sem mikilvægir haghafar Birtu og eru það sjóðsfélagar, aðildarfélag, mótaðilar í viðskiptum, stjórnvöld og starfsfólk. Stöðug samskipti voru við alla haghafa á síðasta ári og fjölmargir fundir haldnir og sóttir.

Ólafur lýkur yfirferð sinni og þakkar fyrir.

---

### 3. liður dagskrár – Tryggingafræðileg athugun

Fundarstjóri þakkar Ólafi fyrir og býður Bjarna Guðmundsson tryggingastærðfræðing sjóðsins í pontu til að gera grein fyrir úttekt sinni.

Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar. Áður en ég fer yfir niðurstöðurnar og tölurnar þá vil ég setja þessa útreikninga aðeins í samhengi, hvað erum við að reikna út og af hverju.

Í nýlegri skýrslu Alþjóða gjaldeyrissjóðsins er meirihluti íslenska lífeyrissjóðakerfisins flokkað sem sjóðir með skilgreind markmið. Markmið slíkra sjóða er að veita sjóðfélögum sínum tiltekin réttindi sem skilgreind eru í samþykktum. Enginn ábyrgðaraðili er að réttindunum, tryggingin sem sjóðfélagar hafa eru eignir sjóðsins. Það er öðruvísi háttað hjá nokkrum sjóðum hérlendis eins og lífeyrissjóðum sveitarfélaganna og gamla LSR t.d.

Fyrirheit um greiðslur eru tryggð með öllum eignum sjóðsins, öll réttindi eru jafn rétthá og eign sjóðfélagana eru þau fyrirheit sem sjóðurinn hefur gefið um greiðslu lífeyris við tiltekin skilyrði. Sjóðnum ber að gefa sem réttasta mynd af stöðunni hverju sinni og ekki gefa fyrirheit sem ekki verður unnt að standa við. Á síðasta ársfundi voru gerðar breytingar á réttindakerfinu, sem giltu frá þeim tímapunkti sem breytingarnar voru gerðar, til þess að til framtíðar litið væri jafnvægi milli verðmætis iðgjaldanna og réttindanna.

Þegar við skiljum eiginleika lífeyrissjóða með skilgreind markmið þá er tilgangur tryggingafræðilegrar athugunar skiljanlegri. Má telja sennilegt að sjóðurinn geti staði við þau fyrirheit um réttindi sem sjóðfélögum hafa verið gefin?

Grunnurinn er alltaf þau fyrirheit um réttindi sem eftir er að efna, hvaða réttindum hefur verið lofað. Lagt er mat á hverjar verði greiðslur til sjóðfélaga í framtíðinni og hvenær þær falli til og í lokin er svo reiknað hversu mikið sjóðurinn þyrfti að eiga þegar skoðunin fer fram til að geta greitt þennan lífeyri sem fyrirheit hafa verið gefum um, m.v. þá forsendu að sjóðurinn nái 3,5% raunávöxtun eigna.

Markmiðið er að sjá hvort sennilegt sé að markmið sjóðsins um greiðslu lífeyris náist. Vitað er að eignamarkaðir sveiflast töluvert milli tímabila þannig að minniháttar frávík rétta sig gjarnan af. Ef frávík milli mats skuldbindinga og eigna verður verulegt, ekki þannig að líklegt sé að það réttist af innan tiltölulega skamms tíma þá er þörf að skoða breytingar á réttindum. Einnig skiptir máli hvort að viðkomandi sjóður er að greiða mikið út af lífeyri í hlutfalli við iðgjöld, hvar hann er staddur í líftíma sínum.

Tryggingafræðileg athugun leiðir í ljós neikvæða stöðu samtryggingardeildar um 6,6%, hún var neikvæð um 6,4% í fyrra. Bókfærð eign sjóðsins er 599,483ma.kr. og við það bætist jákvætt endurmat uppá 6.855ma.kr., samtals eignir eru 606,339ma.kr. Endurmatið er jákvætt í ár en var neikvætt í fyrra og skýrist af hærra vaxtastigi á vaxtamarkaði. Á móti eignum eru skuldbindingar sjóðsins, lífeyrisfyrirheit. Annarsvegar til lífeyrisþega og þeirra sem eiga rétt í sjóðnum til greiðslu lífeyris síðar. Áfallin staða núna er neikvæð, það eru fyrirheit um hærri lífeyrisgreiðslur en eignastaðan er um áramót. Útkoman fyrir árið 2022 var ekki góð og skýrðist það af slakri ávöxtun eigna annarsvegar og nýjum forsendum um auknar lífslíkur hins vegar sem jók lífeyrisskuldbindingu sjóðsins. Ef skoðuð eru iðgjöld sjóðsins, núvirði iðgjalda og svo samtals iðgjaldaskuldbindingar þá er sjóðurinn kominn í betra jafnvægi eftir leiðréttingu síðasta árs.

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar hækka milli ára, úr 593ma.kr. í 666,9ma.kr. sem skýrist annarsvegar af hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna hárrar verðbólgu á árinu en lífeyrisskuldbindingar eru verðtryggðar og hinsvegar vegna áunnina réttinda vegna iðgjalda ársins.

Bjarni lýkur yfirferð sinni og þakkar fyrir.

Fundarstjóri þakkar Bjarna fyrir greinargóða og skýra yfirferð yfir stöðu sjóðsins

Nú hefur stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og tryggingastærðfræðingur gert grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi ásamt tryggingafræðilegri athugun og orðið er laust.

Ingi S. Ólafsson kemur í pontu og fer yfir nokkrar glærur og vekur athygli á nokkrum liðum.

- Greidd iðgjöld eru að hækka minna milli ára en greiddur lífeyrir. Vekur líka athygli á að hann taki eftir auglýsingum frá öðrum lífeyrissjóðum en ekkert frá Birtu.
- Stjórnunarkostnaður hækkar um 8,8% milli ára en stjórnendum er tíðrætt um hagræðingu og einnig hækkar liðurinn rekstur húsnæðis um 20,9% milli ára.
- Til viðbótar þá eru greiðslur til Landsamtaka lífeyrisjóða að hækka um 13,4% milli ára, ég hef spurt þeirrar spurningar áður af hverju sjóðurinn sé þátttakandi í þessum félagsskap og hvaða ávinningur sé fyrir Birtu að vera þarna. Tek fram að það eru ekki allir lífeyrissjóðir á landinu í landssamtökunum. Þegar ég skoðaði heimasíðu samtakanna þá sá ég ekki ársreikningin þar, er það ásættanlegt?
- Í ársskýrslunni kemur fram að stöðugildum hafi fjölgað um 2 á árinu, fer ekki alveg saman við orð framkvæmdastjóra hér áðan.
- Í sundurliðun á stjórnunarkostnaði eru tilgreind laun stjórnenda sjóðsins og þar eru líka tilgreind önnur laun framkvæmdastjóra og hjá forstöðumanni eignastýringarsviðs en þær greiðslur eru ekki sundurliðaðar frekar, fyrir hvað er verið að greiða hér?
- Í skýrslu stjórnar kemur fram að áfallin skuldbinding er neikvæð 10,6% sem þýðir í mínum huga að sjóðurinn á ekki fyrir skuldbindingum sínum, er þetta ásættanleg staða fyrir sjóðinn? Spurning til tryggingastærðfræðingsins, ef sjóðurinn hefði ekki gert þessa réttinda leiðréttingu í fyrra hver væri staðan þá? Mitt álit er að neikvæð staða um 10,6% sé óásættanleg og mitt álit, sem ég hef látið í ljósi áður og mun gera aftur undir liðnum önnur mál, er að þessi staða eigi einfaldlega að vera 0% og eigi að leiðrétta árlaga.

Fundarstjóri þakka Inga fyrir og býður Ólafi að koma í pontu og svara

Ólafur svarar

- Virkum sjóðfélögum sem greiða til sjóðsins er að fjölga um 3% milli ára sem er ásættanlegt að mínu viti en það er umfram það sem vinnumarkaðurinn var að vaxa í fyrra. Flestir sem greiða í Birtu eru að greiða vegna samningsbundinnar aðildar í gegnum kjarasamninga, kúnstin er að fá þá sem eru ekki aðildarskyldir Birtu til að greiða til okkar. Aukning í greiddum lífeyri er þroskamerki sjóðsins en

Lífeyrisþegum er að fjölga og rétturinn er góður. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og það er áskorun að greiða út verðtryggðan lífeyri í jafnhárrí verðbólgu og hefur verið undanfarin misseri.

- laun- og launatengd gjöld eru að vaxa um 8,8% og stöðugildum að fjölga um 2, úr tæpum 27 í 29 stöðugildi. Þessi hækkun á launum skýrist sýnist mér að miklu leyti á þessari fjölgun stöðugilda en árið áður eða 2021 voru þau 31, fórum úr 31 í 26,9 og í fyrra þurftum við að auka um 2 starfsmenn en svo var einnig einhver hækkun vegna kjarasamninga.

- Húsnæðiskostnaður er að hækka m.a. vegna breytinga á eignarhaldi sjóðsins á húsnæði en sjóðurinn á nú húsnæði sitt í Sundaboganum en leigði áður. Sjóðurinn kaupir þrjár hæðir útúr leigufélaginu sem við leigðum af áður og einn hluti af því höfum við ekki náð að leigja frá okkur eins og til stóð. Það skýrir að mestu leyti þessa aukningu.

- Ég hef ekki sterka skoðun á Landsamtökunum en það getur verið mikill kostur þegar þarf að gæta hagsmuna lífeyrissjóðanna sem einnar heildar að vera aðili að samtökum eins og landsamtökin eru. Jakob Tryggvason situr í stjórn landsamtakana fyrir okkar hönd núna og treysti ég á að hann komi þeim skilaboðum strax til framkvæmdastjóra ef það er þannig að ársreikningurinn er ekki á netinu.

- Varðandi önnur laun til framkvæmdastjóra og forstöðumanns eignastýringar þá eru það stjórnarlaun og við munum taka tillit til þessarar ábendingar og gera betur grein fyrir þessum lið í framtíðinni. Ég hef gengt formennsku í nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða og Soffía situr í stjórnnum eignarhaldsfélaga sem gæta okkar hagsmuna. Þar þiggur hún laun eins og aðrir stjórnarmenn eins og eðlilegt er en í þeim störfum er hún einnig að gæta hagsmuna annarra hluthafa.

- Varðandi tryggingafræðilega stöðu þá mun Bjarni væntanlega svara spurningunni betur en þegar rætt er um eign umfram skuldbindingar þá er verið að ræða um framtíðareign, við núvirðum framtíðariðgjöld og núna er núvirði þess hærra en sá réttur sem iðgjöldin mynda sem þýðir að til framtíðar erum við sjálfbær.

Bjarni tryggingastærðfræðingur kemur í pontu og svarar spurningu Inga varðandi hver staða sjóðsins væri ef ekkert hefði verið að gert í fyrra. Tryggingafræðileg staða sjóðsins væri eitthvað verri en vill ítreka að það eru nær engar líkur á því að Birta verði gerð afturreka með þær samþykktarbreytingar sem gerðar voru í fyrra, þær voru allar í fullu samræmi við samþykktir sjóðsins og ekki með neinum öðrum hætti en verið hefur. Varðandi þá hugmynd að núlstillta stöðu sjóðsins á hverju ári þá er það hugmynd sem gengur illa upp og ekki í samræmi við eðli kerfisins. Tryggingafræðileg staða sjóðsins sveiflast og ég fór yfir það áðan hvaða þættir það eru sem hafa þar áhrif. Vissulega er 10% halli töluverður og stjórn hefur það til skoðunar hvort grípa þurfi til einhverja aðgerða á þessu ári en eðli eignamarkaði er þannig að það eru sveiflur og yfir langt tímabil þá upplifir sjóður eins og Birta sveiflur bæði til lækkunar og hækkunar.

Jakob Tryggvason kemur í pontu, er í stjórn landsamtaka lífeyrissjóða. Varðandi hækkun á greiðslum Birtu til samtakanna þá skýrist það af því að Birta er að stækka og greiðsluþátttaka aðildarsjóðanna fer m.a. eftir stærð þeirra, fast árgjald og svo hlutfallsleg greiðsluþátttaka eftir stærð. Varðandi þátttöku í landsamtökunum þá er það ekki hafið yfir gagnrýni en á vegum samtakanna þá mikið starf unnið þvert á sjóðina t.d. gagnvart ríki og eftirlitsstofnunum, við tryggingastofnun og fræðslustörf ýmiskonar svo eitthvað sé nefnt. Varðandi ársreikninginn þá er hann á netinu ásamt ársreikningum fyrri ára, get staðfest það. Nýjasti reikningurinn birtist ekki á netinu strax og hann var tilbúinn fyrir mistök en var leiðrétt fljótlega.

Georg Skúlason formaður Grafíu kemur í pontu, formaður Grafíu. Vil hrósa stjórninni fyrir góð og vel unnin störf á árinu. Erfitt ár að baki og góður árangur hefur náðst við ávöxtun eignasafnsins við erfiðar aðstæður. Er formaður valnefndar launamanna í stjórn og vill hvetja sjóðfélaga til ígrunda það að það er mjög mikilvægt að fá gott fólk til að sitja í stjórn sjóðsins. Valnefnd auglýsir eftir umsækjendum

launamanna á hverju ári til að taka sæti í stjórn, störf stjórnarmanna eru mikilvæg og miklir hagsmunir í húfi og vil ég hvetja launamenn til að huga að þessu í sínum hópi.

Ekki vilja fleiri taka til máls undir þessum lið.

**Ársreikningurinn er borin upp til samþykktar. Samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.**

#### 4. liður dagskrár – Fjárfestingarstefna sjóðsins

Fundarstjóri býður Soffíu Gunnarsdóttur, forstöðumann eignastýringarsviðs í pontu til að gera grein fyrir fjárfestingarstefnunni.

Ætla að fara yfir stöðu eignasafns sjóðsins eins og hún stóð í árslok 2023. Ávöxtun og skipting eignasafnsins, samtryggingar, séreignar og tilgreindar séreignar. Förum lauslega yfir fjárfestingarstefnu og í lokin aðeins yfir hvað hefur verið unnið í varðandi ábyrgar fjárfestingar og leiðinni að kolefnishlutleysi.

Það er léttara yfir árinu 2023 en 2022 en krefjandi ár engu að síður vegna þrálátrar verðbólgu og hækkandi vaxta og einnig höfðu stríðsátökin og jarðhræringarnar áhrif á markaði. Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar var 9,3% sem samsvarar 1,2% hreinni raunávöxtun, hreinar fjárfestingartekjur voru 51,6ma.kr. Til samanburðar var hrein raunávöxtun kerfisins í heild 0,5%. Meðaltalið hreinnar raunávöxtunnar síðastliðinna 5 og 10 ára er um 4% fyrir bæði tímabil.

##### FIMM ÁRA YFIRLIT SAMTRYGGINGARDEILDAR

	2023	2022	2021	2020	2019
Ávöxtun					
Hrein raunávöxtun*	1,18%	(9,90%)	10,11%	8,89%	11,21%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár*	3,98%	4,10%	7,38%	5,01%	4,93%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ár*	4,03%	4,48%	6,33%	5,53%	4,74%

Einungis tveir eignaflokkar skiluðu neikvæðri raunávöxtun á árinu, innlend hlutabréf og sérhæfðar fjárfestingar. Eignaflokkurinn sérhæfðar fjárfestingar samanstendur af óskráðum eignum og er ávöxtun þessa eignaflokks tregbreytanleg þar sem uppfærsla á virði eigna er ekki jafnör og á eignum sem skráðar eru á markað. Má rifja það upp að raunávöxtun þessa eignaflokks var hæst á síðasta ári. Ef skoðað er ávöxtunarframlag eignaflokkanna þá er eignaflokkurinn erlend hlutabréf að skila hæstu framlagi eða 22.3ma.kr. af 50,7ma.kr.

Lítilsháttar breytingar voru gerðar á eignasamsetningu í fjárfestingarstefnunni fyrir árið 2024 en þær eru að hækka hlutfall skuldabréfa sveitarfélaga úr 4% í 5,5% og hlutfalli sérhæfðra fjárfestinga úr 9,5% í 12,5%. Á móti lækkar hlutfall innlendra- og erlendra hlutabréfa og hlutfall innlána. Á heimasíðu sjóðsins er fjárfestingastefna sjóðsins aðgengileg og þar er að finna nánari upplýsingar um hvernig stefnan er á hverjum tíma, hvernig hún er mótuð og ákvörðuð.

Þrjár sparnaðarleiðir eru í báðum séreignadeildunum, séreign og tilgreindri séreign, meginmunurinn á milli leiðanna liggur í áhættustiginu. Allar leiðirnar skiluðu sambærilegri ávöxtun á síðast ári en þegar við horfum lengra aftur í tímann þá er það blandaða leiðin sem hefur skilað hæstri ávöxtun. Nánari upplýsingar um sögulega ávöxtun leiðanna er að finna á heimasíðu sjóðsins og það má minna á að aðeins ein sparnaðarleið var í boði í tilgreindri séreign á árunum 2019 – 2021.

Engar breytingar eru gerðar á eignasamsetningu séreignaleiðanna á þessu ári og haldast markmið um hlutföll eignaflokka óbreytt.



Vakti athygli á því í fyrra á þeirri miklu áskorun sem verkefnið leiðin að kolefnishlutleysi, ábyrgar fjárfestingar, eins og við köllum það, felur í sér. Verkefnið er eins og við vissum umfangsmikið og verður unnið í áföngum. Markmið Birtu um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 felur m.a. í sér að sjóðurinn þarf að greina og ná utan um það sem er kallað fjármögnuð losun fyrir allt eignasafn sjóðsins til þess að markmið um kolefnishlutleysi geti orðið raunhæft. Búið er að ná utan um og reikna út hver fjármögnuð losun er á 80% af innlendu eignasafni Birtu. Losunarkræfni er orðin ný breyta í mati á fjárfestingakostum, losunarkræfni er einn af þeim mælikvörðum sem reiknaður er út í þessari aðferðarfræðinni og mælir hvað hver fjárfest milljón í hverjum eignaflokki fyrir sig losar mikið af gróðurhúsalofttegundum.

Soffía lýkur yfirferð sinni og þakkar fyrir.

Fundarstjóri þakkar Soffíu fyrir og gefur orðið laust.

Spurning úr sal, Ingi spyr um ávöxtun á innlánsleið í séreign.

Soffía svarar, 7,9% nafnávöxtun og raunávöxtun ársins 2023 er neikvæð um 0,1%

---

## 5. liður dagskrár – Hluthafastefna/eigendastefna sjóðsins

Samkvæmt gr. 6.5.5 í samþykktum Birtu skal gera grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins á ársfundi. Stjórn sjóðsins setur sjóðnum hluthafastefnu og er ekki gert ráð fyrir að hún sé borin undir atkvæði ársfundar.

Hluthafastefnan var síðast endurskoðuð og staðfest á stjórnarfundi Birtu 17. apríl sl. Hluthafastefnan eða „Eigendastefna Birtu“ eins og hún nefnist er aðgengileg á heimasíðu Birtu.

Framkvæmdastjóri mun nú gera grein fyrir breytingum á stefnunni.

Ólafur kemur í pontu. Á heimasíðunni er eigendastefnan birt og við birtum allar ákvarðanir á heimasíðunni sem tengjast stefnunni, hvernig við greiðum atkvæði. Gerðar voru breytingar á eigendastefnunni í 1.gr. um tilgang, markmið og afmörkun og í 3.gr. um val og kröfur stjórnarmanna.

Byrja á að skoða breytinguna á 3.gr. um val og kröfur til stjórnarmanna. Sjóðurinn styður ekki eitt fyrirkomulag umfram annað við skipan tilnefningarnefnda en þetta fyrirkomulag er ekki gamalt og hefur ekki þroskast það mikið að þörf sé að því að setja einhverjar sérstakar ítarlegar reglur eins og staðan er núna. Við styðjum ekki eitt fyrirkomulag umfram annað við skipan tilnefningarnefnda en leggjum áherslu á að langtímasjónarmið séu höfð að leiðarljósi og hagsmunir allra hluthafa hafðir að leiðarljósi.

Hin breytingin er á 1.gr. um tilgang og markmið. Bætum við að ef eigendastefnan er ekki skýr og ágreiningur er í eignarhaldinu er heillavænlegast að koma þeim ábendingum eða athugasemdum á framfæri og leita leiða til að ná sátt um málefni sem ekki ríkir samstaða um. Ekki endilega gott að hafa inni stefnunni þá kröfu að selja þurfi eignarhlut innan einhvers ákveðins tíma, það getur skaðað sjóðinn.

Ólafur lýkur yfirferð sinni og þakkar fyrir.

Fundarstjóri þakkar Ólafi fyrir og opnar fyrir fyrirspurnir úr sal.

Spurning úr sal, Guðjón Viðar Guðjónsson. Á heimasíðunni er hægt að sjá hvernig Birta greiðir atkvæði á hluthafafundum þar sem sjóðurinn er hluthafi. Skoðum á heimasíðunni framkvæmd eigendastefnunnar t.d. á síðasta aðalfundi hjá Arion banka þar samþykkir Birta allt á fundinum, ofurlaun stjórnenda, stjórnarlaun o.s.frv. Getum skoðað önnur félög líka, t.d. Brim þar er sama uppá teningnum.

Ólafur svarar og þakkar fyrir spurninguna. Þarna sjáum við að gagnsæið á að vera eins gott og fullkomið og hægt er. Þarna birtast einmitt hvernig Birta framkvæmir eigendastefnuna, hvernig atkvæði eru greidd o.s.frv. Á ársfundi Arion banka var samþykkt samhljóða starfskjarastefna sem lögð var fram. Það var rætt í stjórn hjá okkur hvort ætti að setja inn athugasemd um að gæta yrði hófs en gerðum það ekki. Samskipti okkar við þau félög sem við erum hluthafar í eiga sér líka stað milli hluthafafunda og þar komum við skoðunum okkar á framfæri um þau atriði sem við erum ósátt við en líka það sem vel er gert. Varðandi starfskjör og laun stjórnenda þá áttum við samtal um það fyrir um 10 árum síðan og þá kom t.d. fram sú tillaga að laun stjórnenda yrðu aldrei hærrí en 7föld meðallaun fyrirtækisins en sú tillaga var felld í fulltrúaráði.

Spurning úr sal, Úlfar Þórhallsson. Það er nýbúið að skrifa undir kjarasamning á almennum markaði um hóflegar launahækkanir og auðvitað ættu kjör stjórnarmanna og stjórnenda að taka mið af því en ekki vera úr takti við það. Allt tal um 7föld laun og þessháttar setur þessa stétt úr takti við almenning í landinu.

Ólafur svarar, varðandi framkvæmd á stjórnarlaunum þá sýnist mér að stjórnarlaun almennt hafi hækkað í takt við kjarasamningana eða um 3,25% ekki umfram það. Varðandi að laun stjórnenda mættu ekki vera hærrí en 7föld meðallaun þá er það 10 ára gömul tillaga og umræða sem var felld á sínum tíma hjá okkur ef það hefur ekki komið skýrt fram áðan.

Spurning úr sal, Ingi S. Ólafsson spyr. Er hægt að gefa upp skoðun sjóðsins og upplýsa fyrir aðalfund hver afstaða sjóðsins er? Í eigendastefnunni er rætt um siðferði, viðskiptasiðferði. Í eignasafninu eru tvö félög þar sem að mínu mati hafa komið upp mál sem standast ekki skoðun hvað það varðar og eru það Íslandsbanki og Eimskip

Spurning úr sal, Reynir Sigurður. Vil hrósa stjórninni fyrir gagnsæi og góða upplýsingagjöf með birtingu á upplýsingum um framkvæmda á eigendastefnunni, það er til fyrirmyndar. Varðandi laun og kjör þá er hægt að hafa skoðun á því og rífast fram og tilbaka en mikilvægt er að siðferði og hófsemi sé höfð í fyrirrúmi og stjórnin vinni eftir því.

Ólafur svarar. Birting upplýsinga eins og við skoðuðum hér saman áðan tókum við upp fyrir um fjórum árum síðan og takk fyrir að benda á þetta, við viljum að þetta sé skoðað og fá ábendingar frá ykkur ef tilefni er til. Að kjósa á hluthafafundi þeirra félaga sem Birta á í, framkvæmdin er þannig að stjórn útvisar því til formanns og varaformanns og eigum við í samskiptum við þá hverju sinni í aðdraganda funda. Í mörgum tilvikum eru engin átök eða vafamál varðandi stjórnarkjör t.d., tilnefninganefndir tilnefna ákveðna aðila og engin mótframboð koma. Birta hefur sett sér það markmið að misbeita ekki stærð sinni ef svo má að orði komast, með því að gefa ekki upp fyrirfram hvern sjóðurinn mun styðja eða ætla ekki að styðja. Að okkar mat er það hluti af viðskiptasiðferði að beita ekki aflsmunum og stærð sjóðsins með þeim hætti. En þessi skilaboð til stjórnar eru komin á framfæri.

Ekki komu fram fleiri spurningar undir þessum lið.

## 6. liður dagskrár – Starfskjarastefna sjóðsins

Samkvæmt gr. 5.9. í samþykktum Birtu skal stjórn setja sjóðnum starfskjarastefnu varðandi starfskjör stjórnenda sem lögð skal fram til samþykktar á ársfundi og birt í ársskýrslu og á vef sjóðsins.

Starfskjarastefnan var afgreidd óbreytt á milli ára á fundi stjórnar þann 21. mars sl.

Starfskjarastefnan er aðgengileg á vef sjóðsins ásamt öðrum fundargögnum.

Þó starfskjarastefnan sé óbreytt milli ára þarf að bera hana upp til atkvæðagreiðslu skv. samþykktum sjóðsins.

**Starfskjarastefnan er borin upp til samþykktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

---

## 7. liður dagskrár – Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins

Góðir fundarmenn, samkvæmt gr. 6.6 í samþykktum fjallar sérstök nefnd um laun stjórnarmanna og leggur fram tillögur að launum fyrir ársfund. Launanefnd kemur með tillögu að stjórnarlaunum og kynnir hana stjórn og leggur fyrir ársfund til samþykktar.

Kristján Þórður formaður nefndarinnar kemur í pontu og gerir grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndin er skipuð þeim Jóhanni Rúnari Sigurðssyni og Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni af hálfu launamanna og Jóni Sigurðssyni og Báru Mjöll Ágústsdóttur af hálfu atvinnurekenda. Nefndin fundaði og skiptist á tugum tölvupósta í aðdraganda niðurstöðu sinnar.

Tillaga nefndarinnar sem hún hefur kynnt stjórn er að laun stjórnarmanna skuli hækka um 3,25%. Höfum verið vanaföst undanfarin ár en í ár verður breyting þar á, almennar launahækkningar í kjarasamningum voru 3,25% og leggjum við til að fylgja því en ekki launavísitölu eins og verið hefur undanfarin ár.

Laun formanns eru tvöföld laun aðalmanns. Laun varaformanns eru ein og hálf laun aðalmanns.

- Aðalmenn stjórnar: kr. 145.583,-, var áður kr. 141.000,-

- Formaður stjórnar: kr. 291.166,-, var áður kr. 282.000,-

- Varaformaður stjórnar: kr. 218.375,-, var áður kr. 211.500,-

- Varamenn stjórnar: kr. 32.524,-, var áður kr. 31.500,-. Mánaðarleg greiðsla en full laun aðalmanns þann mánuð sem setinn er fundur

Jafnframt leggur launanefnd til eftirfarandi heimild:

*Stjórn er heimilt að ákveða að greiða fyrir aukafundi stjórnar umfram reglulega stjórnarfundi samkvæmt starfsáætlun. Heimildin nær til allt að sjö funda og nema greiðslur hálfum mánaðarlaunum stjórnarmanna. Reglulegir fundir samkvæmt starfsáætlun eru ellefu á ári, einn í mánuði en ekki er fundað í júlí. Þá er árlega vinnu- og stefnumótunarfundur stjórnar sem er almennt rúmlega einn starfsdagur.*

Engar athugasemdir eða spurningar komu fram um tillöguna.

**Tillaga launanefndar er borin upp til samþykktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

## 8. liður dagskrár – Stjórnarkjör, skv. gr. 5.1

Ný stjórn Birtu lífeyrissjóðs er kynnt en fulltrúar launamanna í stjórn voru kjörnir á kjörfundi Birtu sem fram fór þann 9. apríl sl. Á þeim fundi fengu Hafliði Kristjánsson og Hrönn Jónsdóttir umboð til tveggja ára og Bára Laxdal umboð til tveggja ára í varastjórn.

Fulltrúar samtaka atvinnulífsins voru skipaðir með skipunarbréfi dagsettu 19. apríl sl. Þar sem SA tilnefndi Þóru Eggertsdóttur og Skúla Skúlason til tveggja ára í stjórn sjóðsins og Ólöfu Lindu Sverrisdóttur til eins árs og Bolla Árnason til tveggja ára í varastjórn.

Pálmar Óli Magnússon og Örvar Þór Kristjánsson kveðja stjórn Birtu. Auk þess sagði Álfheiður Ágústsdóttir sig úr stjórn á árinu.

Réttkjörnir stjórnarmenn Birtu lífeyrissjóðs eru eftirfarandi

Stjórnarmenn valdir af fulltrúum launafólks eru

*Aðalmenn (Fulltrúar launamanna):*

- Jakob Tryggvason, til 2025
- J. Snæfríður Einarsdóttir, til 2025
- Hafliði Kristjánsson, til 2026
- Hrönn Jónsdóttir, til 2026

*Varamenn (Fulltrúar launamanna):*

- Garðar Garðarsson, til 2025
- Bára Laxdal Halldórsdóttir, til 2026

Stjórnarmenn skipaðir af samtökum atvinnulífsins eru

*Aðalmenn (Fulltrúar samtaka atvinnulífsins):*

- Sigurður R. Ragnarsson, til 2025
- Ólöf Linda Sverrisdóttir, til 2025
- Þóra Eggertsdóttir, til 2026
- Skúli Skúlason, til 2026

*Varamenn (Fulltrúar samtaka atvinnulífsins):*

- Guðbjörg E. Guðmundsdóttir, til 2025
- Bolli Árnason, til 2026

Eru þetta rétt kjörnir fulltrúar í stjórn Birtu

## 9. liður dagskrár – Kjör endurskoðanda

Löggiltur endurskoðandi Birtu er Kristinn Kristinsson hjá PricewaterhouseCoopers ehf. sem var kosinn á ársfundi 2017. Hann hefur því verið endurskoðandi sjóðsins samtals í sjö ár sem er hámarkstími fyrir einstakling samkvæmt samþykktum.

Endurskoðunarnefnd Birtu leitaði í vetur tilboða í innri og ytri endurskoðun fyrir sjóðinn.

Stjórn leggur til að fenginni umsögn endurskoðunarnefndar að Jóhann Óskar Haraldsson, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte, verði kjörinn endurskoðandi Birtu.

Engar athugasemdir eða spurningar komu fram um tillöguna og borið upp til samþykktar

### **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum**

---

## 10. liður dagskrár – Tilnefning fulltrúa í endurskoðunarnefnd

Samkvæmt ársreikningalögum starfar endurskoðunarnefnd við sjóðinn. Séu utanaðkomandi aðilar í nefndinni ber ársfundi, samkvæmt breytingum á lögum um ársreikninga sem tóku gildi 31. janúar sl., að tilnefna þá í nefndina. Stjórn sjóðsins leggur til að eftirtaldir utanaðkomandi verði tilnefndir í nefndina:

- Vilhjálmur Egilsson, upphaflega skipaður starfsárið 2023-4
- Thomas Skov Jensen kemur nýr í nefndina.

Að auki hefur Hrönn Jónsdóttir gegnt formennsku í nefndinni starfsárið 2023-4 en skv. ársreikningalögum og starfsreglum endurskoðunarnefndar tilnefnir stjórn einn fulltrúa í nefndina innan mánaðar frá ársfundi.

Engar athugasemdir eða spurningar komu fram um tillöguna

### **Tillaga um tilnefningu fulltrúa í endurskoðunarnefnd borin undir atkvæðagreiðslu og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

---

## 11. liður dagskrár – Tillögur til breytinga á samþykktum þegar síkar tillögur liggja fyrir

Engar tillögur til breytinga á samþykktum liggja fyrir að þessu sinni.

---

## 12. liður dagskrár – Önnur mál

Samkvæmt gr. 6.5 í samþykktum þurfa tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, að berast stjórn eigi síðar en viku fyrir ársfund. Engin tillaga barst að þessu sinni.

Þrátt fyrir að ekki séu önnur mál á dagskrá löglega fram borin er orðið hér laust ef einhver vill kveða sér hljóðs. Hér er vettvangur til að bera upp spurningar en ekki er tími fyrir langar ræður.

Spurning úr sal, Ingi S. Ólafsson. Undir önnur mál langar mig að ræða tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Hef lagt fram tillögu um að staðan sé rétt af og sjóðurinn sé núllstilltur á ársfundi þó þannig að það séu 2% vikið heimil. Sanngirnismál í mínum huga fyrir þá sem greiða til sjóðsins og fá greitt úr honum. Vil bæta við um sjóðfélagalýðræði. Vil skoða hvernig er hægt að auka sjóðfélagalýðræði hjá okkur. Er hægt að breyta kjöri stjórnarmanna t.d., fara í rafræna kosningu, en tæknin býður uppá þetta. Þá fengju allir sjóðfélagar aðkomu að kjörinu líka þeir sem eru komnir á lífeyri. Vil leggja til að set sé á fót nefnd til að skoða þessi mál.

Fundarstjóri þakkar Inga fyrir, þessum sjónarmiðum er komið áleiðis til stjórnar.

Ingi bætir við, að við atkvæðagreiðslurnar hér í dag þá er verið að rétta upp blá og rauð spjöld, rautt fyrir fulltrúa launamanna og blátt fyrir atvinnulífið. Góð mæting launamanna en ekki góð mæting frá atvinnulífinu.

Fundarstjóri þakkar Inga fyrir þessa ábendingu og Samtök atvinnulífsins taka þetta til sín. Stórt fulltrúaráð en um 180 fulltrúar eru í ráðinu.

Spurning úr sal, Þorbjörn Guðmundsson. Varðandi að gera upp og rétta af sjóðinn mánaðarlega þá er það alls ekki einfalt mál. Myndi eitthvað stéttarfélag samþykkja að laun myndu vera færð fram og tilbaka mánaðarlega eftir því hvernig staðan er? Nei, það yrði ekki samþykkt og ekki hægt að ætlast til að það eigi að gilda um þá sem fá greiddan lífeyri. Þetta eru laun þeirra sem fá greitt úr sjóðnum og það er fólk á bakvið þessar greiðslur sem treystir á þessa afkomu eins og Bjarni tryggingastærðfræðingur útskýrði svo vel hér áðan. Ég vil nota tækifæri og þakka Bjarna kærlega fyrir mjög góða kynningu áðan. Varðandi réttindi lífeyrisþega þá tók ég eftir að hjá valnefnd, að sá er hæfur til framboðs sem greitt hefur iðgjöld í sjóðinn síðastliðinn þrjú ár, þá eru þeir sem eru á lífeyri fyrir utan þann hóp og spyr ég hvort það sé ekki brot á jafnræðisreglu.

Spurning úr sal, Ingi bætir við að lífeyrisþegar hafa verðtryggð laun sem breytast einu sinni í mánuði. Launamenn fengu 3,25% en hvað var verðbólgan á síðasta ári? Miklu hærri, eða í kringum 8% sennilega.

Spurning úr sal, Andri frá félag íslenskra rafvirkja. Tekur undir orð Inga að það er ekki gott ef sjóðurinn er lengi í þessari neikvæðu stöðu. Það er hinsvegar ekki skynsamlegt að þetta sé gert upp og leiðrétt mjög ört en þarf að huga að stöðuni og huga að framtíðinni. Það er spurning hvort mögulega þurfi að rétta stöðuna af í einhverjum skrefum frekar en að þurfa mögulega að gera stóra leiðréttingu síðar. Þakkar líka Bjarna fyrir kynningunni en nauðsynlegt að huga að framtíðinni. Sáum í kynningunni hans hvað há verðbólga hefur mikil áhrif á stöðuna en á móti þá myndu litlar leiðréttingar á móti í svo háu verðbólguhverfi hafa minni áhrif á lífeyrisgreiðslur en ella. Hugmyndir um aukið fulltrúalýðræðið og hugmyndir um það, styð það heilshugar.

Spurning úr sal, Georg kemur í pontu. Vil leiðrétta það sem kom fram hér áðan, það er rangt að lífeyrisþegar séu ekki gjaldgengir í stjórn. Þeir eru gjaldgengir en þurfa að hafa lágmarksiðgjaldasögu. Í starfsreglum valnefndar kemur fram að eftirlaunamaður sem á rétt í sjóðnum samkvæmt ákveðnum forsendum á rétt til að sitja í stjórn. Það eru ekki mörg ár síðan að það var eftirlaunamaður í stjórn og ekkert varðandi það hefur breyst. Varðandi að launamaður þurfi að hafa greitt iðgjöld síðastliðinn þrjú ár er til að koma í veg fyrir að einstaklingur sem hefur einhverntímann greitt til sjóðsins, með lítinn rétt, geti boðið sig fram til stjórnar. Það eru yfir 100þús. einstaklingar sem hafa greitt til birtu en um 20þús sem eru virkir í dag en varðandi eftirlaunamenn þá er ekkert því til fyrirstöðu að þeir bjóði sig fram samkvæmt núgildandi reglum.

Fundarstjóri þakkar fyrir umræðuna og býður Ólafi í pontu

Það er grænbókarvinna í gangi um málefni lífeyrissjóðanna og það hlýtur að vera tekið á tryggingafræðilegu stöðunni í þeirri skoðun eins og svo mörgu öðru. 10% vilmörkin á tryggingastöðunni hafa verið lengi inni lögunum og það er það sem við störfum eftir nú. Að lokum vil ég þakka tveimur mönnum fyrir samstarfið sem nú eru að fara úr stjórn en það eru Pálmar Óli Magnússon og Örvar Þór Kristjánsson. Ég vil biðja þá báða að koma hér upp og þiggja litla kveðjugjöf frá sjóðnum og henni fylgja þakkir frá starfsfólki og öðrum stjórnarmönnum fyrir samstarfið í gegnum árin.

Þá er komið að lokum ársfundarins og ekki hafa fleiri kveðið sér hljóðs og er mælendaskrá lokað.

Fundarstjóri þakkar fyrir og óskar eftir heimild til handa fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð síðar og birta hana síðan á vef Birtu.

Ég þakka sjóðfélögum og starfsfólki fundarins og segi ársfundi Birtu lífeyrissjóðs 2024 slitið, fundi er slitið klukkan 19:20.

---

Ragnar Árnason, fundarstjóri

---

Sigurbjörn Einarsson, fundarritari

## Undirritunarsíða

Fundarstjóri  
Ragnar Árnason

Fundarritari  
Sigurbjörn Einarsson